

Rökkur dagur

GRUNDFIRÐI

8.-17.okt.2015

Í fjórtánda sinn taka Grundfirðingar á móti rökkurinu að hausti með bros á vör og sól í hjarta. Það er afskaplega ánægjulegt og viðeigandi að árið 2015 hefjum við Rökkurdaga á sýningu um sögu grundfirskra kvenna en í ár eru einmitt 100 ár frá því Íslenskar konur fengu kosningarétt.

Eftir setningu sögusýningarinnar rekur hver viðburðurinn annan allt fram til 17. október þegar við ljúkum menningarhátíðinni með hinni árlegu fiskveislu í samstarfi við kvikmyndahátíðina Northern Wave.

Dagskrá Rökkurdaga inniheldur að vanda viðburði sem spanna vítt áhugasvið fyrir alla aldurs hópa. Allir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og tekið þátt í menningarhátíð bæjarins.

Segjum nú rökkurinu stríð á hendur og látum ljósið innra með okkur lýsa upp samfélagið okkar hér í Grundarfirði yfir Rökkurdagana og áfram út veturinn. Líkt og undanfarin ár væri ánægjulegt að sjá sem allra flest útikerti loga fyrir utan heimili bæjarins.



FISKRÉTTAKEPPNIN MIKLA

Í TENGLUM VIÐ NORTHERN WAVE STUTTMYNDAHÁTÍÐINA

17.okt
kl.20:30

Fiskréttakeppnin fræga verður haldin laugardaginn 17. október og er hápunktur kvikmyndahátíðarinnar Northern Wave og um leið lokahátíð Rökkurdaga.

Slegið er upp stórveislu, í húsnæði Soffaníasar Cecilssonar, þar sem Grundfirðingar bjóða gesti kvikmyndahátíðarinnar velkomna með fiskréttum úr fesku fiskmeti frá Grundarfirði. Hátíðin útvegar fiskmetið beint frá G.Run.

Hrefna Rósa Sætran dæmir fiskréttina ásamt Jon Favio Munoz Bang, yfirkokki á Hótel Búðum.

Verðlaun fyrir besta fiskréttinn eru 40.000 krónur og að auki verða sérstök verðlaun í boði. Hótel Búðir gefa dekurjafabréf í deluxe herbergi auk fimm rétta kvöldverðar að hætti kokksins og Hrefna Sætran gefur gjafabréf fyrir tvo í níu rétta kvöldverð á Fiskmarkaðnum eða Grillmarkaðnum. Það er því til mikils að vinna í Fiskiveislunni miklu þetta árið.

KONURNAR OKKAR

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því Íslenskar konur fengu kosningarétt

SÖGUSÝNING VEGNA KOSNINGARÉTTAR
KVENNA Í 100 ÁR

þá verður sett upp sögusýning í máli og myndum í Sögumiðstöð. Þar verður rakin baráttusaga kvenna fyrir rétti sínum til að kjósa.

Meðal efnis á sýningunni eru afrit af upprunalegum undirskriftarlistum snæfellskra kvenna frá því um aldamótin 1900 þar sem Alþingi er hvatt til að setja lög um frjálsan kosningarétt kvenna.

Í Bæringsstofu verða sýndar myndir Bærings Cecilssonar og fleiri sem sýna viðfangsefni kvenna í byggðarlaginu.

Sýningin er fyrsti viðburðurinn á dagskrá Rökkurdaganna í ár og munu sýningarhaldararnir Sunna Njálisdóttir, Guðrún Björg Guðjónsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir bjóða upp á molakaffi og kleinur við setningu sýningarinnar.

8.okt
kl.15

Ruth Guðmundsdóttir tækniteiknari og nemi í landslagsarkitektúr kynnr hugmyndir að Paimpol garði í Grundarfirði.

PAIMPOL GARÐURINN

KYNNING HUGMYNDAVINNU

13.OKT
KL.20

Síðastliðið vor fékkst styrkur frá Menningarráði Vesturlands til samstarfsverkefnis Grundarfjarðarbæjar og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um hugmyndavinnu við gerð Paimpol garðs í Grundarfirði.

Ruth Guðmundsdóttir, tækniteiknari og nemi í landslagsarkitektúr við Landbúnaðarháskólann, tók að sér þetta skemmtilega verkefni og kynnr hugmyndir sínar í Bæringsstofu í máli og myndum.

Í hugmyndavinnu sinni studdist Ruth að hluta til við verkefni nemenda í Grunnskóla Grundarfjarðar sem þau unnu síðastliðinn vetur þar sem þau settu fram sína framtíðarsýn á garðinum. Meðal þess sem finna má í teikningum Ruthar að garðinum eru Steinatjörn, leiksvæði, blómagarður og gosbrunnur.

Sjón er sögu ríkari!



SKRAFLAÐ OG SKRAFAÐ

OPNA RÖKKURMÓTIÐ Í SKRAFLI

8.okt
KL.19:30

Skrafl og skraf um skrafl í boði Skraffélags Íslands þar sem fólki gefst kostur á að spreyta sig á orðaprautum og taka þátt í fyrsta Opna rökkurmótiinu í skrafl!



MARKAÐS-STEMNING

NOTAÐ & NÝTT TIL SÖLU

Það verður sannkölluð Kolaportsstemning í Samkomuhúsi Grundarfjarðar laugardaginn 10. október.

10.okt
KL.12
-16

Markaðurinn verður með breyttu sniði í ár og má segja að þetta sé lifandi útgáfa af „Sölusíðu Grundarfjarðar“ þar sem hver og einn selur sínar vörur svo þarna má finna allt milli himins og jarðar, notað og nýtt. Grundarfjarðardeild Rauða Krossins heldur utan um markaðinn og deilir út borðum og plássum fyrir þá sem hafa hug á að selja vörur á markaðinum.

Kvenfélagið Gleym mér ei verður með kaffi- og vöffilsölu meðan á markaðinum stendur.

Láttu sjá þig!



PÉTUR OG ÚLFURINN

BRÚÐULEIKHÚS

13.okt
kl.17

Þessi fallega og hrifandi sýning hefur verið geysilega vinsæl allt frá því hún var frumsýnd árið 2006. Það segir sitt um vinsældir og gæði sýningarinnar að hún hefur verið sýnd í Þjóðleikhúsinu, sett upp með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ferðast víða um Ísland og Kanada.

Bernd Ogradnik sýnir okkur hið sígilda verk um hugrakka drenginn Pétur, afa hans og dýrin í skóginum með handunnum trébrúðum sínum og töfrabrogðum brúðuleikhússins. Aðgangseyrir: kr. 2.000.

BÆRINGSSTOFA

BARNASTUND

9.okt
kl.16:30



Föstudagurinn 9. október er helgaður yngstu kynslóðinni í Bæringsstofu. Klukkan 16:30 verður barnastund fyrir yngstu börnin þar sem sýnd verður myndin um ráðagóða hrútinn Hrein. Þegar hjólhýsi sem bóndinn sefur í rúllar stjórnlaust inn í borgina þá neyðist hrúturinn Hreinn til að bregðast við ásamt vinum sínum. Upphefst þá hinn kostulegasti björgunarleiðangur kindavinnanna ásamt hundinum Bitzer sem reyna að koma bóndanum heim áður en hann vaknar.

KRAKKASTUND

9.okt
kl.18:30



Klukkan 18:30 verður krakkastund í Bæringsstofu þar sem horft verður á teiknimyndina Big Hero 6. Hiro Hamada og vinur hans Baymax, sem er uppblásinn plastkarl, reyna að stöðva illmanni sem gerir sig líklegt til að valda usla í veröldinni. Hiro og Baymax þurfa að beita ítrustu brögðum til að stöðva illmennið og þrátt fyrir að Baymax líti ekki út fyrir að vera mjög traustur við fyrstu sýn þá er óhætt að segja að hann leyni heldur betur á sér.

SPENNUKVÖLD

11.okt
kl.20



Taugarnar verða þandar til hins ítrasta á spennukvöldi í Bæringsstofu, sunnudaginn 11. október, þegar risaeðlumyndin Jurassic World verður sýnd. Myndin er sjálfstætt framhald af hinum geysivinsælu myndum Steven Spielberg, Jurassic Park, sem fóru sigurför um heiminn undir lok síðustu aldar. Risaeðlugarðurinn á eyjunni Isla Nublar er sögusvið myndarinnar og þar blómstra viðskiptin sem aldrei fyrr allt þar til ný risaeðlutegund gerir allt vitlaust og ógnar lífi og limum starfsmanna og gesta garðsins. Hasarinn hefst klukkan 20:00.

KRÁARVÍSKA

ÞEMA: LIFANDI VÍSINDI

9.okt
kl.19:30

Undanfarin ár hefur kráarvíska (pub quiz) notið mikilla vinsælda meðal bæjarbúa á Rökkurdögum.

Þetta árið ætlar körfuknattleiksdeild UMFG að sjá um kvöldið undir þemanu lifandi vísindi.

Þjálfarinn sjálfur, Aðalsteinn Jósepson, mun spyrja gesti spjörnum úr en hann semur einnig spurningarnar með hjálp góðra manna.

Það verða að sjálfsögðu verðlaun í boði fyrir hlutskarpasta borðið en einnig verður boðið upp á bónusspurningu þar sem hægt verður að vinna öl á borðið fyrir keppendur. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og rennur ágóðinn til körfuknattleiksdeildar UMFG.



YLJA OG TEITUR

7.okt
KL.21

TÓNLEIKAR Á RÚBEN GEFA TÓNINN

Veitingastaðurinn RúBen verður með forskot á Rökkurdagahátíðina miðvikudagskvöldið 7. október þegar hljómsveitin Ylja verður með tónleika ásamt Teiti Magnússyni. Hljómsveitin Ylja hefur notið töluverðra vinsælda um allt land um nokkurt skeið. Teitur er hins vegar þekktur fyrir að vera meðlimur hljómsveitarinnar Ojba rasta. Auk þeirra munu Örn Eldjárn, Ingibjörg Elsa Turchi og Magnús Örn Magnússon leika listir sínar á tónleikunum. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er aðgangseyrir kr. 2.000 sem greiðast við innganginn.

Á Rökkurdögum er boðið upp á námskeið í tælenskri matargerð.

Hrafnhildur Jóna, leiðbeinandi námskeiðsins, hefur sótt ítarleg námskeið erlendis í tælenskri matargerð auk þess að vera ástríðukokkur af guðs náð og mun hún leiða þátttakendur í gegnum nokkra vinsælusturétti hins kraftmikla tælenska eldhúss. Námskeiðið er í samstarfi við „grundfirska fyrirtækið“ Fiska.is sem er stór innflytjandi á asískum matvörum.

TÆLENSK MATARGERÐ

MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ SEM BRAGÐ ER AÐ

Námskeiðsgjald er 13.900 kr og er innifalið í því allt hráefni í réttina sex, auk uppskrifta og kennslu.

ATH! Þátttökugjald er hægt að fá niðurgreitt af stéttarfélagum.

Þátttökutilkynningar berist fyrir mánudaginn 5. október á netfangið hildurj@krums.is eða í síma 8421307.

10.okt
KL.17:30



DAGSKRÁ RÖKKURDAGA 2015

MIÐVIKUDAGUR 7. OKTÓBER

21:00 Tónleikar með Ylju og Teiti Magnússyni á RúBen, aðgangseyrir kr. 2.000

FIMMTUDAGUR 8. OKTÓBER

15:00 Konurnar okkar – sögusýning vegna kosningaréttar kvenna í 100 ár. Sunna, Guðrún Björg og Þórunn standa fyrir sýningunni sem mun standa yfir í tvær vikur. Boðið verður upp á kaffi og bakkelsi við setningu sýningarinnar í Sögumiðstöð.
19:30 Skraflað og skrafað með Skraffélagi Íslands í Sögumiðstöð

FÖSTUDAGUR 9. OKTÓBER

16:30 Barnastund í Bæringsstofu – Hrúturinn Hreinn
18:30 Krakkastund í Bæringsstofu – Big Hero 6
20:30 Pub quiz á RúBen – Körfuknattleiksdeild UMFG stendur fyrir hinni feykivinsælu kráarviskukeppni þetta árið undir yfirskriftinni „Lifandi vísindi“.

LAUGARDAGUR 10. OKTÓBER

12:00 Markaður í Samkomuhúsi
12:00 Kaffi- og vöflusala kvenfélagsins Gleym mér ei í Samkomuhúsi
17:30 Námskeið í tælenskri matargerð í Samkomuhúsi

SUNNUDAGUR 11. OKTÓBER

14:00 Listasmiðja barnanna í Samkomuhúsi á vegum Grundarfjarðardeildar Rauða krossins.
16:30 Félagsvist í Sögumiðstöð á vegum félags eldri borgara
20:00 Spennuþrungið sunnudagskvöld í Bæringsstofu – Jurassic World

MÁNUDAGUR 12. OKTÓBER

15:00 Harmonikkuball á Fellaskjólí
20:00 Konukvöld Gleym mér ei í Sögumiðstöð

ÞRIÐJUDAGUR 13. OKTÓBER

17:00 Pétur og úlfurinn í Samkomuhúsi. Aðgangseyrir kr. 2.000
20:00 Kynning á Paimpol garði í Sögumiðstöð – Ruth Guðmundsdóttir hefur hannað og teiknað spennandi hugmyndir að Paimpol garði í kringum Steinatjörnina.

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER

20:00 Kótiletukvöld meistaraflokks kvenna í blaki í Samkomuhúsi

LAUGARDAGUR 17. OKTÓBER

20:30 Fiskiveislan mikla – Rökkurdögum lýkur með hinni árlegu fiskréttakeppni kvikmyndahátíðarinnar Northern Wave í húsnæði Soffaníasar Cecilssonar.

GÓÐA SKEMMTUN!



Grundarfjarðarbær



GRUNDARFIRÐI

8. - 17. okt. 2015